

Hress í máli og hreinskiptinn

Ásgeir Jakobsson:
Gríms saga trollaraskálds
Útgefandi: Skuggsjá sf.
Hafnarfirði 1980

Ásgeir Jakobsson er Bolvíkingur og kynntist snemma sjósókn, sjómennsku og fiskveiðum. Þá er honum óx fiskur um hrygg, gerðist hann sjómaður, og hefur hann stundað sjóinn á flestum þeim tegundum skipa, sem sótt hafa björg í bú á þessari öld, nema ef vera skyldi seglskútum. Hann var fyrst á smáum og stórum vélbátum og síðan á togurum og hefur séð marga rismikla báruna brjóta allt frá brimlendingum og út á dýpstu mið, líka á úthafinu landa á milli. Síðan hann kvaddi sjóinn, nema í anda, hefur hann margt ritað, blaðagreinar, bókarhluta og bækur. Gríms saga trollaraskálds er fyrsta skáldsaga hans, en sumt í öðrum bókum hans bendir til þess, að hann sé glöggur á sérkenni manna og kunni að ýkja sitthvað, svo að það verði sögulegra en það gæti annars virzt, án þess þó að hann meði sannleikann tilfinnanlega. En hvað sem þessu líður, var mér sannarlega dillað við lestur skáldsögunnar, og þykir mér mjög við hæfi viðskilnaður þeirra, höfundarins og trollaraskáldsins á „örlagaklettinum“.

Grímur er lítt yfir tvítugt „en varla undir þritugu að lífsreynslu“, þegar sagan hefst. Hann mundi ekki neina bernsku og ekki heldur neina æsku, aðeins baráttu við berkla og sjóveiki og lú. Hann vann á berklunum, hertist af sjóveikinni og stæltist af strefinu. En það er margt, sem gerir manninn. Grímur sagði svo um sjálfan sig, að hann væri þrír menn ólíkir og félli þeim illa sambýlið.

Ekki má ég láta hjá líða að gera þeirri þrenningu skil, sem með Grími bjó, þó að ég verði að vera stutturður. Fyrstur er þar Þorgeir Hávarsson, sem ekki mátti mann sjá, án þess að höggva hann, ef hann lá vel við höggi, og segir höfundur: „Þorgeir naut sín þokkalega sem hausari á togara,“ enda Grímur alltaf til þess starfs valinn. Þá var „Ólafur Kárasón Ljósvíkingur annar þeirra, sem bjuggu í Grími. Hann réð fyrir hugleiðingum og öllum aumingjaskap.“ Hann var skáld, þó að ekki dygði honum það til afreka í skáldskap. Hann þráði að deyja liggjandi. Þorgeir aftur á móti standandi og kom þannig hornréttur á Ljósvíkinginn.“ Svo var það Móri. „Hann var ekki eins illur í sér og þjóðsagnamórar, líkari gláðlyndri skottu... Móri réð fyrir margskonar uppátekt og hafði mjög brenglaða síðferðisvitund.“ Nákvæmara er þetta allt hjá höfundi. Oft kemur hann ærið spaugilega fyrir samskiptum þrenningarinnar og ævinlega koma þau til greina í rökréttu sambandi við aðstæður.


Sumum kann að þykja óþarflega mikið fjallað um veilurnar á togurunum, sem á styrjaldarárunum jusu peningum inn í landið á siglingum sínum til Bretlands á styrjaldarárunum, og ennfremur gert of mikið úr þeirri peningagræði, sem átti sinn beina þátt í hörmulegum slysförum. En bæði eru þessar lýsingar tímabærar sem víti til varnaðar og ennfremur koma veilur skipanna og hin lífshættulega ofhleðsla til greina, sem sögunni nauðsynlegur efniviður í hinar snilldarlegu og hárréttu frásagnir af togveiðunum og hinna váþrungnu baráttu sjómanna gegn svo til sífelldri ógnun

frá hrammsigð dauðans. Og þar eð ég hafði sjálfur sára reynslu af því að bera að nokkru ábyrgð á hleðslu og söluferðum eins af togurunum, leyfi ég mér að birta eftirfarandi ordrétt úr sögu Ásgeirs:

„Grímur hafði ekki lengi verið á stríðstogurunum, þegar hann taldi sig geta raðað aldurtilladæminu upp þannig, að mest líkindi væru til, að þeir gengju undir vegna of mikillar framhleðslu, þeir vörðu sig ekki í stórsjó: Ef þeir hvorki

„hræðslupeningana“ margumtöluðu!

Svo er það þá sagan sjálf. Þar er lífinu, veiðunum og lífshættunni á togurunum lýst af meiri þekkingu og glöggskyggni en nokkur hefur gert áður, og þó að mest rækt sé lögð við að gera sem skýrasta lýsinguna á Grími, er ýmsum af skipsfélögum hans lýst þannig, að þeir verða minnisstæðir. Þar ber þó af lýsingin á Steina gamla, sem hefur um áratugi verið háseti á togurum og skemmtir gjarnan



Ásgeir Jakobsson

með sögum, sem teljast mega hæfilega ýktar. Höfundurinn lætur og ekki hjá líða að lýsa lífi Gríms og félaga hans, þegar þeir

ganga á land í brezkri borg og er þar fagnað af konum, sem eru fúsar til að láta þá njóta blíðu sinnar. Er höfundurinn þar allberður, en ekkert fram yfir það, sem þörf er á til eðlilegra kynna. Hann kjamsar ekki á klámi sem bókmenntalegu sælgæti. Hann leyfir sér hins vegar að láta Grím sinn lenda í rómantísku ástarævintýri, og ennfremur lýsir hann af alúð Stefáni Stefánssyni, sem er verðugur fulltrúi þeirra togaramanna, er ekki keyptu brezka blíðu, en hugsuðu fyrst og fremst um heimili sitt og fjölskyldu, þegar þeir stöðu á erlendri grund með fullar hendur fjár í bili.

Þegar skáldið kveður hinn þríeina Grím, auðsjáanlega og auðheyrrilega saddan lífdaga hér í heimi, hvað sem svo við tekur, dettur mér í hug, að einhvernu tíma gerist það, að ungur og metnaðargjarn íslenskur fræðimaður — eða jafnvel brezkur — gripi þessa bók fegins hendi sem tilvalið efni í doktorsritgerð!

Bókmenntir

eftir GUÐMUND
G. HAGALÍN

gengju undir né hvolfði, dyttu þeir í sundur vegna ryðs. Ef þeir gerðu ekkert af þessu, færust þeir á tundurdufli. Ef nú ekki heldur það yrði, kæmi flugvél með vélbyssur eða sprengjur. Ef einnig það færist fyrir, hlyti að finnast kafbátur, sem gefi sér tíma til að koma upp á yfirborðið og skjóta þá niður. Ef allt þetta brygðist var enn möguleiki, sem reyndist líklegri en gert var ráð fyrir, það var áreksstur niður við England. Ekki gekk nú allt eftir, sem Grímur hafði ráð fyrir gert. Það fórst ekki nema fjórði hver togari á stríðsárunum síðari, en hann hafði haldið það yrði ekki eftir nema fjórði hver. Tveir liðir í uppröðun Gríms skiptu um sæti. Áreksstur varð númer fjögur, en tundurdufl færðust aftur fyrir allt saman og urðu sjöundu í röðinni. Þessi sætaskipti þóttu mönnum með ólíkindum og margir trúðu þessu ekki fyrir en að stríðinu var lokið og tölulegar staðreyndir lágu fyrir...

Fjórði hver togari og fleiri skip, sú varð raunin, og var það ærin fórn íslenskra sjómanna í bágu þjóðarinnar, þó að fljótlega tækist að eyða blóðpeningum, en ekki hörmum og erfðileikum þeirra fjölskyldna, sem hlutu

Í Vestursalnum að Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning á verkum eftir ungan mann að nafni Guðmundur Björgvínsson. Hann hefur að vísu haldið einkasýningar á verkum sínum áður hér í borg, og er mér minnstæðust sú sýning, er hann hélt í Norræna húsinu fyrir skömmu. Guðmundur hefur verið við nám erlendis bæði í myndlist og öðrum fögum, og ef ég hef rétt skilið, er hann við nám í Háskóla Íslands sem stendur. Á þeirri sýningu, sem hér er um fjallað, eru eingöngu pastel-myndir og myndir gerðar með prentlitum og tússi. Það er nokkuð þéttsettinn bekkurinn í Vestursalnum.



Sýning Guðmundar Björgvínssonar

Hundrað verk eru þar til sýnis, en salnum er nokkuð óvenjulega skipt niður, og verða gestir á sýningunni að dæma um, hvort það fyrirtæki hefur tekist til hins betra eða ekki.

Í fremsta horni, ef svo mætti nefna, eru portrett af mörgu stórmenni. Þar er að finna sjálfan Picasso, Kjarval, Guðmund Björgvínsson og Halldór Laxness, Thor Vilhjálmsson, Jóhann Sebastian Bach og Albert Einstein. Síðan koma nokkrar myndir af líkamshreyfingu (Judo og Karate?), og finnst mér þar vera eitt verk, er ber hærra en önnur: það er No. 29 Endurupplifun, en annars eru flest þessi verk of fágud fyrir minn smekk, og einmitt þess vegna verða þau ekki eins raunsæ í

Myndlist

eftir VALTÝ
PÉTURSSON

mínnum augum og ella hefði orðið. Þá verða þarna á vegi manns verk, er virðast byggð aðallega á einmanaleik og kynlífi, svona dulítið af hverju, sem vitnar fyrst og fremst um hugaróra ungs manns, sem er að feta sig áfram í myndgerð og vill auðsjáanlega túlka sínar næmstu tilfinningar. Ég vil einnig benda á No. 36, sem eitt af bestu verkum á þessari sýningu. Í


innsta hluta salarins er að finna myndir, gerðar í prentlitum og með tússi. Þar er að finna frumlegustu og bestu verk þessarar sýningar. Þarna tekst Guðmundi betur en með hinar fágudu og felldu myndir. Þarna er hann auðsjáanlega meira í essinu sínu en annars staðar í núverandi myndgerð. Það sem sérlega settist í mig af þessum myndum var til dæmis: No. 95, 99 og 75. Meira mætti nefna, en nú er farið að draga nær jölum og farið að þrengjast fyrir myndlistargreinar í pressunni.

Þarna er á ferð ungur maður, sem virðist vera leitandi í myndgerð sinni, hann hefur vald á vissum tæknilegum hlutum, sem vissulega geta komið sér vel á komandi tímum. Það er ekki í fyrsta sinn, sem ég minnst á það hér í blaðinu, að hlutirnir taka sinn tíma og allt útheimtir mikla vinnu, og ef þessir hlutir þróast til hins betra má segja eins og Storm P. sagði ekki: Það er ekkert erfitt að spá um framtíðina sérstaklega.

Lifandi bók um landið

Þorsteinn Jósefsson / Steindór Steindórssón:
LANDIÐ ÞITT ÍSLAND.
1. bindi A—G.
Bókaútgáfan Örn og Örlygur
1980.

Í formálsorðum sínum minnst Steindór Steindórssón Þorsteins Jósefssonar sem var frumhöfundur þeirrar bókar sem nú kemur út aukin og endurbætt. Landið þitt Ísland heitir hún nú. „Ekki kom til mála að haggja í nokkru verulegu við verki Þorsteins,“ segir Steindór Steindórssón, en minnst á að ýmsum þótti þjóðsagnaefni og persónusaga fá af mikið rúm: „Að fella slíkt niður hefði verið eyðilegging á verki hans. En hins vegar jók ég allvíða við staðfræðilegu og náttúrufræðilegu efni, þar sem mér þurfa þótti. Og einkum bætti ég við ýmsum yfirlitsgrein-



Steindór Steindórssón

Bókmenntir

eftir JÓHANN
HJÁLMARSSON

um um byggðir og héruð. Hygg ég þó, að mér hafi tekist að halda svipmóti frumverksins.“

Það væri fráleitt að ætlast til þess að í uppflettiriti sem þessu fengjust svör við öllum spurningum um landið. En gífurlegur fróðleikur er hér saman kominn. Greinar eru hnitmiðaðar og skýrar í framsetningu og upplýsingar

um menn og málefni sem tengjast stöðum eru þess eðlis að lesandinn verður betur að sér en áður. Það er ekki síst persónusagan sem gerir Landið þitt Ísland lifandi. Uppruna rithöfunda er til dæmis víða getið og drepð á það helsta sem þeir hafa samið. Þannig kemst maður að því að í Guttormshaga í Rangárvallasýslu fæddust rithöfundarnir Grétar Fells og Guðmundur Daniélfsson og frá Drápuhlíð í Snæfellsnessýslu eru þeir Helgi Hjörvar og Sigfús Daðason.

Ljósmyndirnar í Landið þitt Ísland eru allar í lit, sumar hverjar einstaklega fallegar, en allar njóta þær sín vel með textanum. Höfundar þeirra eru, auk Þorsteins Jósefssonar, Björn Jónsson, Einar P. Guðjohnsen, Hjálmar R. Bárðarson, Kristinn Sigurjónsson, Páll Jónsson og Þorsteinn Ásgeirsson.